

38. fundur í æskulýðs-og íþróttanefnd

Mættir eru Katrín P, Eydís E, Margrét Ísleifs og Ingi Ingason,

Skýrsla íþróttta og tómstundafulltrúa.

Gissur er hættur í bili. Ragna var aftur með leir og glernámskeið og er því að ljúka. Þátttaka var ágæt var þó meiri á fyrra námskeiði. Bæði var námskeið fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið.

Könnun var lögð fyrir 8. – 10. bekk um þátttöku í tómstundastarfi og áhuga þeirra á því, 41 nemandi af 44 sem tóku þátt.

Byrjað var á að kanna hvort nemendur tækju þátt í einhverju skipulögðu tómstundastarfi og voru það 30 nemendur sem eru hjá Snæfelli, 26 nemendur í tónlistarskólanum og 5 nemendur taka þátt í starfi hjá leikfélaginu.

Meirihlutinn tók þátt í því félagsstarfi sem var í boði og þátttakan alveg ágæt og í framhaldi af því voru nemendur spurð hvort að þau tóku þátt í því starfi sem tengdist félagssmiðstöðinni í umsjón Gissurar Arnarssonar. Hér voru 27 nemendur sem tóku þátt í því starfi og svöruðu því til að þeim fannst það fínt, ekkert spes, snilld, gaman geggjáð, æðislegt og einnig að nemendaráðið stóð sig vel.

Nemendum fannst bæði hæfilega mikið í boði og einnig að það mætti vera meira í boði.

Nemendum gafst einnig kostur á merkja við það sem þau telja sig hafa áhuga á á að taka þátt í og hér var merkt við gler og leirlist, leikfélagið, kynnast starfi björgunarsveitarinnar, dans, spilum, fræðslufundum og námskeiðum, kirkjulegu starfi.

Eydís er farin að skipuleggja næsta vetur, bæði fyrir börnin og eldri borgara. Starfsemi verður í sumar fyrir eldri borgara, á að fá krakka í vinnuskólanum til að taka þátt.

Íþróttaskóli verður að veruleika, Eydís er að vinna að skipulagningu með Kidda Hjörleifs hjá Snæfelli og fleirum. Nánar auglýst í næstu viku.

Sign.

Katrín Pálsdóttir

Margrét Ísleifsdóttir